



Borgarráð

Samkomulag um Landsmót hestamanna í Víðidal 2024

Hjálögð drög að samkomulagi Reykjavíkurborgar og Hestamannafélagsins Fáks um Landsmót hestamanna í Víðidal 2024 ásamt kostnaðaráætlun er lagt fram til kynningar.

Greinargerð:

Á fundi borgaráðs þann 28. september sl. var samþykktur viðauki við fjárfestingaráætlun upp á 20 milljónir í endurbætur á svæði Fáks í Víðidal 2023. Sú upphæð er áætlaður kostnaður verkefnisins fyrir árið 2023. Auk þess mun Reykjavíkurborg greiða 10 milljónir til verkefnisins árið 2024 og mun sú upphæð rúmast innan ramma.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Samkomulag um Landsmót hestamanna í Víðidal árið 2024, drög.

Kostnaðaráætlun 2023-2024 vegna Landsmóts í Víðidal.

Samkomulag

um Landsmót hestamanna í Víðidal árið 2024

Reykjavíkurborg kt. 530269-7609 og Hestamannafélagið Fákur kt. 520169-2969 munu eiga samstarf á grundvelli þessa samkomulags um Landsmót hestamanna sem haldið verður í Víðidal, Reykjavík 1. – 7. júlí 2024.

1. gr.

Fákur verður framkvæmdaaðili Landsmótsins. Fákur mun sjá um allan undirbúning og þær framkvæmdir sem þarf að sinna til að Landsmótið geti farið fram.

2. gr.

Reykjavíkurborg greiðir Hestamannafélaginu Fák, alls 30 miljónir vegna framkvæmda á svæðinu samkvæmt fjárveitingu sem er í viðauka fjárfestingaáætlunar. Á árinu 2023 verða greiddar 20 miljónir og 10 miljónir árið 2024. Greitt verði gegn framlögðum reikningum vegna útlagðs kostnaðar.

3. gr.

Framkvæmdirnar fela í sér, viðhald á skeiðbraut neðan félagsheimilis, lagfæringar á keppnisvelli (Hvammsvöllur), heflun á stóra hringvellingum, viðhald á upphitunaraðstöðu, viðhald á Reiðhöllinni og endurnýjun á aflstreng við Hvammsvöll og við kynbótavöll.

4. gr.

Við undirritun samkomulags þessa lýsa báðir aðilar yfir að hvorugur geti gert frekari kröfur á hinn, aðrar en þær sem í samkomulagi þessu greinir.

5. gr.

Rísi ágreiningur um efni og/eða túlkun samningsaðila á samkomulaginu skal reka ágreiningsmál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

6. gr.

Samkomulag þetta er gert í tveimur samhljóða eintökum, eitt handa hvorum samningsaðila.

7. gr.

Samkomulag þetta er undirritað með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn

viðskipti og reglugerð (ESB) 910/2014 um sama efni. Með undirritun ábyrgjast viðkomandi einstaklingar jafnframt að þeir hafi umboð til að skuldbinda aðila, með þeim hætti sem samningurinn gerir ráð fyrir.

Reykjavík, xx. október 2023

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Fáks

Landsmót í Víðidal 2024
Kostnaðaráætlun 2023-2024

Uppfærð kostnaðaráætlun samkvæmt tilboðum 30. ágúst 2023

Viðhald á skeiðbraut neðan félagsheimilis

Efni	2,000,000
hefill	1,500,000
Grafa	1,000,000
Vörubíll	1,000,000
Samtals	5,500,000

Hvammsvöllur - Keppnisvöllur

Efni	2,500,000
Heflun	1,500,000
Vörubíll	1,000,000
Uppfæra aðstöðu við völlinn	1,000,000
Viðhald staurar og bönd	500,000
Vinna verktaka við völlinn	1,000,000
Samtals	7,500,000

Hefla stóra hringvöllinn 2,500,000

Viðhald á upphitunaraðstöðu 7,000,000

Reiðhöllin Víðidal

Viðhald á aðstöðu í reiðhöll 4,000,000

Endurnýjun á aflstreng við Hvammsvöll

og við kynbótavöll 3,500,000

Samtals 30,000,000